

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 21. október 2011 breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 sem samþykkt var í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann 29. september 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 1. október 2011.

Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði I2 verður athafnasvæði A1 og verslunar- og þjónustusvæði V9. Einnig er leiðrétting á kafla 2.3.5 í greinargerð aðalskipulagsins vegna tveggja lóða sem voru á iðnaðarsvæðinu I2. Þær voru 1 ha og 2 ha en verða 1.000 m<sup>2</sup> og 2.000 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 21. október 2011.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2011